

Eftirlitsnefnd með
fjármálum sveitarfélaga

EFS

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps
Bakka 1
765 Djúpavogi

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík

Reykjavík 4. mars 2019

Tilv.: SRN19010041/4.11.3

Efni: Fjárhagsáætlun 2019-2022.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) hefur yfirfarið fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2019-2022. Fjárhagsáætlunin sýnir að áætlað er að rekstrarniðurstaða A-hluta verði neikvæð öll árin en rekstrarniðurstaða A- og B-hluta verði jákvæð þrjú ár af fjórum. Vegna skuldaviðmiðs er áætlað að skuldaviðmið verði áfram undir lögbundnu viðmiði sveitarstjórnarlaga þar sem skuldaviðmið ársins 2019 verði um 52% fyrir samstæðu.

Í 64. gr. sveitarstjórnarlaga er kveðið á um skyldu sveitarstjórna vegna jafnvægisreglu en þar segir að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningssskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum. Ekki verður annað séð en sveitarfélagið áætli að uppfylla jafnvægisreglu laganna.

Þrátt fyrir að sveitarfélagið áætli að uppfylla ákvæði laga um jafnvægisreglu er ljóst að sveitarstjórn áætlar að rekstrarniðurstaða A-hluta verði neikvæð árin 2019-2022. Eftirlitsnefndin hefur í fyrri samskiptum á árunum 2015 og 2016, óskað upplýsinga vegna neikvæðrar rekstrarniðurstöðu með óskum um útskýringar.

EFS byggir eftirlit sitt á fjármálunum meðal annars á heildarmati á fjárhagslegri stöðu sveitarfélagsins og er það niðurstaða nefndarinnar að óska eftir frekari upplýsingum frá sveitarstjórn. Vegna rekstrar A-hluta sveitarfélagsins og áætlana um neikvæða rekstrarniðurstöðu hans, óskar EFS eftir upplýsingum frá sveitarstjórn um stefnumótun hennar í rekstri A-hluta, mikilvægi þess að bæta neikvæðan rekstur A-hluta þannig að hann skili jákvæðri rekstrarniðurstöðu, hugsanlegar aðgerðir sveitarstjórnar sem væru þess valdandi að ná markmiðum um jákvæða rekstrarniðurstöðu og aðrar upplýsingar sem sveitarstjórn vill koma á framfæri í tengslum við fyrirspurn þessa.

Óskað er eftir að svör til nefndarinnar berist eigi síðar en 60 dögum eftir dagsetningu bréfsins. Komi

upp spurningar vegna efni þess er sveitarstjórn hvött til að hafa samband við starfsmann nefndarinnar.

Fyrir hönd eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga


Þórir Ólafsson
formaður


Eiríkur Benónýsson